

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir Verslunarbanka Íslands hf.,
nr. 154 4. apríl 1974.

1. gr.

5. gr. 2. mgr. samþykktarinnar hljóði svo: Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1 000.00, kr. 5 000.00, kr. 10 000.00, kr. 50 000.00 og kr. 100 000.00.

2. gr.

5. gr. 4. mgr. samþykktarinnar orðist svo: Arður af hlutabréfum skal sendur hluthöfum í ávísun innan mánaðar frá lokum aðalfundar.

3. gr.

Upphaf 31. gr. 1. mgr. orðist svo: Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur og jafnmarga til vara, til eins árs í senn að viðhafðri hlutfallskosningu.

Framangreindar breytingar, sem samþykktar voru á aðalfundi bankans 1974, staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 7. janúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 12.

28. janúar 1975.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eða flotvörpu, eru bannaðar veiðar frá útgáfudegi reglugerðar þessarar til 15. apríl 1975 á svæði út af Snæfellsnesi, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------|-----------|
| 1. 64°51.5'N | 24°13' V |
| 2. 64°47.5'N | 24°31' V |
| 3. 65°10' N | 24°45.5'V |
| 4. 65°10' N | 24°25' V |

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.